

## THURN and TAXIS

fyrir 2–4 þátttakendur frá 10 ára aldri

### Innihald:

1 spilaborð

80 pósthús úr viði (í 4 litum, 20 í hverjum lit)

4 höfuðstöðvaspjöld

20 póstvagnaspil (þriggja, fjögurra, fimm, sex og sjö vagna, 4 af hverju)

66 borgarspil (3 fyrir hverja af borgunum 22) til að leggja póstleiðir

30 stigaskildir (4 fyrir sjö borga leiðir, 3 fyrir sex borga leiðir, 2 fyrir fimm borga leiðir, 4 fyrir öll héruð, 4 fyrir Bæjaraland, 3 fyrir Baden, 3 fyrir Württemberg/Hohenzollern, 3 fyrir Sviss/Týról, 3 fyrir Bæheim/Salzburg og 1 fyrir *Leikslok*)

4 yfirlitsspjöld

Einar spilareglur

### Undirbúningur:

Setjið spilaborðið á mitt borðið

Raðið stigaskjöldunum á viðeigandi reiti á borðinu og látið þá snúa upp. Raðið hverjum bunka þannig að skjöldurinn með lægstu tölunni sé neðst en sá með hæstu tölunni efst.

Stokkið borgarspilin og setjið 6 spil á viðeigandi reiti á spilaborðinu þannig að þau snúi upp. Afgangurinn fer í bunka á hvolf við hliðina á spilaborðinu.

Flokkið póstvagnaspilin eftir tölunum og raðið þeim á viðeigandi reiti á spilaborðinu.

Hver þátttakandi fær 20 pósthús í sama lit, yfirlitsspjald og höfuðstöðvaspjald sem hann setur á borðið fyrir framan sig (á spilasvæði sitt).

Þátttakendur ákveða sín á milli hver skuli hefja leikinn.

### Í stuttu máli:

Hver leikmaður á að byggja upp póstkerfi. Til þess reynir hann að byggja upp skilvirkt kerfi pósthúsa í borgunum á spilaborðinu, afla sér verðmætra póstvagna og safna stigaskjöldum. Aðstoð frá póststarfsmönnum kemur sér líka vel.

Þegar einhver leikmanna nær sjö vagna póstvagnaspili eða leggur niður síðasta pósthúsið sitt er það upphaf lokaumferðar spilsins. Þegar þeirri umferð lýkur er leiknum lokið.

Sá sem fengið hefur flest stig vinnur!

### Aðferð:

Sá, sem hefur leikinn, gerir og svo hinir leikmennirnir hver af öðrum, réttisælis.

Sá, sem á að gera, gerir eftirfarandi, í þessari röð:

1. Hann **verður** að taka upp borgarspil á hendi.
2. Hann **verður** að leggja niður borgarspil af hendi.
3. Hann **má** loka póstleiðinni, sem hann er að leggja, og reikna sér stig fyrir hana.

Því næst er röðin komin að næsta leikmanni.

Að auki **má** hver leikmaður nýta sér hjálp **eins** póststarfsmanns (póstflutningamannsins, póstmeistarans, forstjórans eða póstvagnasmiðsins) í hvert skipti sem hann á að gera. Þ.e.a.s. hann má nýta sér sérhæfileika **eins** þeirra þegar hann á að gera.

## 1. Að taka upp borgarspil á hendi

Borgarspilin tákna borgirnar á spilaborðinu. Sá, sem á að gera, **verður** annað hvort að taka á hendi eitt af borgarspilunum sex, sem snúa upp á spilaborðinu, eða draga efsta spilið úr bunkanum. Ef hann tekur spil af spilaborðinu dregur hann efsta spilið úr bunkanum og leggur niður í þess stað. Þegar bunkinn er búinn eru spilin, sem kastað hefur verið, stokkuð og sett í nýjan bunka.

### Aðstoð frá póststarfsmanni á þessu stigi:

**Póstmeistarinn:** sá sem nýtir sér aðstoð póstmeistarans á þessu stigi má taka annað borgarspil af borðinu eða draga annað spil úr bunkanum.

Ef leikmaður er ekki með nein spil á hendi þegar röðin kemur að honum, **verður** hann að þiggja aðstoð póstmeistarans í þeirri umferð. Þá má hann að sjálfsögðu ekki nýta sér aðstoð neins annars póststarfsmanns í þeirri umferð.

*ATH: í fyrstu umferð spilsins **verða** allir þátttakendur að nýta sér aðstoð póstmeistarans.*

**Forstjórinn:** lítist leikmanninum, sem á að gera, ekki á borgarspilin á spilaborðinu getur hann nýtt sér aðstoð forstjórans og skipt út öllum spilunum á borðinu **áður** en hann tekur upp spil. Hann kastar þá öllum spilunum sem eru á borðinu og dregur ný úr bunkanum í þeirra stað.

## 2. Að leggja niður borgarspil af hendi

Meginmarkmið spilsins er að byggja upp póstleiðir. Sá sem á að gera **verður** að leggja spil af hendi niður á spilasvæði sitt og byrja þannig á nýrri leið eða bæta við leið sem fyrir er. Leikmennirnir leggja borgarspilin sín hlið við hlið í **röð** á spilasvæði sín. Þessar raðir tákna **leiðirnar sem þeir eru að leggja**.

Hver leikmaður má aðeins vera með eina leið í smíðum í einu. Til að bæta við leiðina sína má hann leggja borgarspil **hægra eða vinstra megin** við hana. Engin útskot mega vera á leiðinni. Spil, sem lagt er við leið, verður að **passa við hana**, þ.e.a.s. tákna borg á borðinu sem liggur að borginni sem spilið við hliðina stendur fyrir. Leikmaður getur einungis byrjað á nýrri leið ef hann er ekki með neina leið í smíðum á spilasvæði sínu. Því verður hann að loka núverandi leið áður en hann getur byrjað á nýrri.

### Hægt er að leggja niður borgarspil á tvo vegu:

1. Ef leikmaður er ekki með nein borgarspil á spilasvæði sínu (ekki með neina leið í smíðum) leggur hann niður spil og byrjar þannig á nýrri leið.
2. Ef leikmaður er með borgarspil á spilasvæði sínu (með leið í smíðum) leggur hann niður borgarspil hægra eða vinstra megin við leiðina sem hann er að leggja. Eigi leikmaður ekkert borgarspil á hendi til að leggja niður eða kjósi hann að bæta ekki spili við leiðina, sem hann er að leggja, kastar hann spilunum sem mynda hana (án þess að fá stig fyrir hana) og leggur niður spil á spilasvæðið sitt til að byrja á nýrri leið.

### Hvaða borgarspil má leggja hlið við hlið?

Bæta má við leið:

- borgarspilum sem tákna borgir sem **liggja saman** á spilaborðinu, og
- borgarspilum, sem ekki eru þegar hluti af leiðinni.

**Spil sem passa inn í leiðina eru þau sem uppfylla bæði ofangreind skilyrði.**

**Ekki er leyfilegt:**

- að bæta við spili ef borgin, sem það tákna á spilaborðinu, liggur ekki að borginni sem næsta spil, hægra eða vinstra megin í röðinni, stendur fyrir,
- bæta inn spili á milli spila sem þegar er búið að leggja í röð eða endurraða spilunum í röðinni á nokkurn hátt, eða
- leggja niður fleiri en eitt spil, sem tákna sömu borg, í sömu leiðina.

*Ath.* Litur borgarinnar tákna eingöngu landið sem borgin er staðsett í, hann hefur enga þýðingu varðandi lagningu leiðar.

*Dæmi:* leikmaður er með leið í smíðum sem inniheldur borgirnar Carlsruhe, Stuttgart, Nürnberg og Regensburg. Hann vill bæta Innsbruck við. Innsbruck liggur bæði að Carlsruhe og Regensburg og því má bæta henni við hvorn enda raðarinnar sem er.

Ekki má leggja Würzburg milli Stuttgart og Nürnberg því bannað er að endurraða spilum. Aðeins má leggja spil við endana á röðinni.

Ekki má bæta Stuttgart við, jafnvel þótt hún liggi að Carlsruhe, vegna þess að Stuttgart er þegar hluti af leiðinni.

**Aðstoð frá póststarfsmanni á þessu stigi:**

**Póstflutningamaðurinn:** sá sem þiggur aðstoð póstflutningamannsins þegar hann á að gera má leggja annað borgarspil við leiðina sína, í samræmi við reglurnar um lagningu borgarspila.

**3. Lokun leiðar og útreikningur stiga**

Til að leikmaður geti lokað leið og reiknað sér stig fyrir hana verður leiðin að innihalda **a.m.k.** þrjú borgarspil.

**Begar leikmaður lokar leið og reiknar sér stig fyrir hana gerir hann eftirfarandi:**

- a. Setur niður pósthús
- b. Fær þá stigaskildi sem hann á rétt á.
- c. Fær póstvagnaspil ef hann á rétt á því
- d. Kastar borgarspilunum sem mynduðu leiðina og aukaspilum, sem hann kann að hafa á hendi, í kastbunkann og lætur þau snúa upp.

**a. Að setja niður pósthús**

Setja má niður pósthús í borgirnar, **sem mynda leiðina sem verið er að loka**, á tvo vegu:

1. Setja má niður 1 pósthús **í eina borg í hverju héraði.**

**eða:**

2. Setja má niður 1 pósthús **í hverja borg í einu héraði.**

*Ath:* Hérað og borgir eru litamerkt á spilaborðinu og á spilunum.

*Dæmi:* leikmaður lokar eftirfarandi leið: Sigmaringen, Stuttgart, Nürnberg, Regensburg, Ingolstadt og Augsburg.

**1. Hann setur niður 1 pósthús í eina borg í hverju héraði** (sjá mynd í ensku reglunum): Í Hohenzollern-héraði setur hann niður 1 pósthús í Sigmaringen, í Württemberg-héraði setur hann niður 1 pósthús í Stuttgart og í Bæjaralandi setur hann niður 1 pósthús í eina af borgunum

ffórum í því héraði, í þessu tilviki Ingolstadt. Þá má hann ekki setja niður hús í Nürnberg, Regensburg og Augsburg.

**eða:**

**2. Hann setur niður 1 pósthús í hverja borg í einu héraði:** hann setur niður 1 pósthús í hverja borg (sem myndar leiðina) í Bæjaralandi: Nürnberg, Regensburg, Ingolstadt og Augsburg. Þá má hann ekki setja niður hús í Sigmaringen og Stuttgart.

**Ath.** Leikmanni **er heimilt**, í seinni umferðum, að leggja niður borgarspil fyrir borgir þó að hann eigi þar pósthús. Þó má hver leikmaður aðeins eiga eitt pósthús í hverri borg, sama hversu oft hann lokar leið sem inniheldur þá borg. Leikmenn mega setja niður pósthús í borg þar sem aðrir leikmenn hafa þegar sett niður pósthús.

## **b. Stigaskildir**

Þegar leikmaður hefur lagt niður pósthúsin kannar hann hvort hann uppfylli eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða. Fyrir hvert skilyrði sem hann uppfyllir tekur hann viðeigandi stigaskjöld og leggur hann á **hvolf** á spilaskvæði sitt.

### **Stigaskildir fyrir langar leiðir (fimm, sex eða sjö borgir)**

Ef póstleið inniheldur fimm, sex, sjö eða fleiri **borgir** fær leikmaðurinn **1 stigaskjöld** sem samsvarar lengd leiðarinnar. Ef leiðin er lengri en sjö borgir fær hann stigaskjöld með tölunni 7.

**Ath:** ef stigaskjöldurinn, sem leikmaður á rétt á, er ekki lengur fyrir hendi, tekur hann skjöld með næstu tölu fyrir neðan sem til er. Þetta á aðeins við þegar póstleið nær til sjö borga eða fleiri.

**Ath:** leikmenn mega fá fleiri en einn stigaskjöld með sömu tölu í sama spilinunni.

### **Stigaskildir fyrir héruð**

Ef leikmaður hefur lagt niður pósthús í öllum borgum eins héraðs eða í öllum borgum samtengdra héraða fær hann efsta stigaskjöldinn fyrir það hérað eða samtengdu héruð. Hann þarf ekki að hafa sett niður pósthús í öllum borgunum þegar hann lokaði sömu leiðinni heldur mega þau hafa verið sett niður á fleiri en einni leið.

Til að fá stigaskjöld fyrir „**öll héruð**“ þarf leikmaður aðeins að eiga **pósthús í a.m.k. 1 borg í hverju héraði**. Hann þarf ekki að eiga pósthús í öllum borgunum.

**Ath.** ef leikmaður uppfyllir skilyrði til að fá stigaskjöld fyrir hérað og skildirnir fyrir það hérað (eða samtengdu héruð) eru búnir fær hann engan.

**Ath.** hver leikmaður má aðeins fá einn stigaskjöld fyrir hvert hérað, samtengd héruð o.s.frv.

**Ath.** leikmaður verður að setja niður pósthús í borgirnar til að fá stigaskildina. Ef hann á ekki fleiri hús til að setja niður þar sem hann á rétt á því, fær hann ekki stigaskjöldinn.

**Dæmi:** Rauður lokar póstleið og setur niður pósthús í Sigmaringen og Ulm. Þar með á hann pósthús í öllum þremur borgunum í Württemberg- og Hohenzollern-héraði og fær efsta stigaskjöldinn úr bunkanum fyrir Württemberg/Hohenzollern.

### **Stigaskjöldur fyrir Leikslok**

Sá leikmaður sem boðar leikslok með því að vera fyrstur til að fá sjö vagna póstspil eða setja niður síðasta pósthúsið sitt fær stigaskjöldinn (með lárviðarsveignum) fyrir **Leikslok**.

### c. Póstvagnaspilin

Leggi leikmaður póstleið sem er a.m.k. jafnlöng og talan á næsta póstvagnaspili fyrir ofan það, sem hann er með, fær hann það. Leikmaður má ekki hoppa yfir neitt póstvagnaspilanna, jafnvel þótt hann leggi nógu langa leið.

*Dæmi:* Leikmaður lokar leið með þremur borgarspilum og fær fyrir það þriggja vagna póstvagnaspil sem hann leggur ofan á höfuðstöðvaspjaldið sitt. Seinna í leiknum lokar hann leið með fimm borgarspilum og tekur þá næsta póstvagnaspil fyrir ofan, fjögurra vagna spil, og leggur það ofan á þriggja vagna póstvagnaspilið sitt. Næst lokar hann leið með fjórum borgarspilum en fær ekki nýtt póstvagnaspil. Til að fá fimm vagna póstvagnaspil verður hann að loka leið sem samanstendur af a.m.k. fimm borgarspilum.

*Ath.* Það er fjöldi borgarspila sem mynda leiðina sem ræður hvort leikmaður á rétt á póstvagnaspili en ekki fjöldi pósthúsa sem heimilt er að leggja við leiðina.

#### Aðstoð frá póststarfsmanni á þessu stigi:

*Póstvagnasmiðurinn:* sá sem nýtir sér aðstoð vagnasmiðsins á þessu stigi má taka næsta póstvagnaspil fyrir ofan það, sem hann er með, jafnvel þótt hann vanti eina eða tvær borgir upp á leiðina sína. Vanti hann þrjár borgir getur póstvagnasmiðurinn þó ekki hjálpað honum.

*Dæmi:* leikmaður er með sex vagna póstvagnaspil og lokar póstleið með fimm borgarspilum. Hann má þá nýta sér aðstoð póstvagnasmiðsins til að ná sjö vagna póstvagnaspili.

### d. að kasta borgarspilum

Þegar leikmaður lokar póstleið kastar hann öllum borgarspilunum, sem mynduðu hana, í kastbunkann og lætur þau snúa upp **auk þess** sem hann kastar í bunkann öllum spilum á hendi nema þremur, að eigin vali.

Þegar röðin kemur næst að honum byrjar hann að leggja niður nýja póstleið.

#### Leikslök og stigatalning

Þegar einhver leikmanna hefur náð sjö vagna póstvagnaspili eða sett niður síðasta pósthúsið sitt boðar það síðustu umferð spilsins. Þá fá allir hinir að gera einu sinni áður en leiknum lýkur. Fyrsti leikmaðurinn fær ekki að gera aftur. Þá er spilinu lokið og stigin eru talin.

#### Þátttakendur reikna út stig sín á eftirfarandi hátt:

Stigin á hæsta póstvagnaspilinu

#### plús

samanlögð stig af stigaskjöldunum

#### mínus

fjöldi pósthúsa sem ekki voru sett niður.

Sá leikmaður sem hlýtur flest stig vinnur!

Ef tveir eða fleiri **hljóta jafnmörg stig** vinnur sá sem fékk stigaskjöldinn fyrir *Leikslök*. Ef hvorugur/enginn þeirra, sem hlutu jafnmörg stig, fékk hann, sigrar sá þeirra sem situr vinstra megin við þann sem fékk skjöldinn!